Fyrirspurn um systkinaforgang við úthlutun leikskólaplássa í Kópavogi

Í ljósi framlagðs frumvarps á Alþingi um breytingu á lögum um leikskóla, sem felur í sér lögfesta heimild sveitarfélaga til að taka tillit til systkina við innritun í leikskóla, óskar undirrituð eftir upplýsingum um hvernig systkinaforgangi er háttað í Kópavogi í dag.

Sérstaklega er óskað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Með hvaða hætti er systkinaforgangi beitt við úthlutun leikskólaplássa í Kópavogi og hvaða viðmið eru lögð til grundvallar?
2. Er framkvæmd systkinaforgangs samræmd á öllum leikskólum bæjarins eða er svigrúm fyrir einstaka leikskóla til að beita honum með mismunandi hætti?
3. Er framkvæmd systkinaforgangs miðstýrt af menntasviði Kópavogsbæjar eða er ákvörðunarvald um beitingu hans hjá stjórnendum einstakra leikskóla?
4. Er til staðar skráð verklag eða viðtekin framkvæmd um systkinaforgang, þótt ekki hafi verið settar um hann formlegar reglur?
5. Hvernig hefur systkinaforgangur áhrif á röð barna á biðlista og úthlutun leikskólaplássa í framkvæmd?

Fulltrúar Viðreisnar í Menntaráði

Bryndís Rut Logadóttir

María Ellen Steingrímsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026